

Fundargerð 483

Föstudaginn 3. apríl 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsvið sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Covid-19 - til upplýsinga
3. Næsti fundur og ársfundur – til upplýsinga

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 482.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. COVID-19 – til upplýsinga

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um áhrif COVID-19 á lánasafn og lánastarfsemi Byggðastofnunar og Samkomulag um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsvaraldurs COVID-19.

AÞ upplýsti um stöðuna, starfsemin gangi vel, búið væri að skipta henni upp þannig að helmingur vinnur heima og helmingur á skrifstofunni hverju sinni. Þá hefði verið gengið frá ráðningum á sérfræðingum á þróunarsviði.

AME sagði 40 skilmálabreytingar komnar frá því að áhrifa COVID-19 fór að gæta og sagði frá samkomulagi fjármálafyrirtækja sem Byggðastofnun væri nú aðili að. Þá væri Byggðastofnun að ganga lengra en samkomulagið segir til um og veitir öllum fyrirtækjum sem verða fyrir áhrifum veirunnar greiðslufresti. Þá velti hann upp hvort lánveitingar vegna ferðaþjónustu á þessum tímum væru heppilegar. Upplýsti hann einnig um að það styttest í samkomulag milli Byggðastofnunar og E.I.F.

Til máls tóku allir stjórnarmenn. Ekki er lagt til að draga úr lánveitingum en skoða verður vel þau verkefni sem lánað er til.

3. Næsti fundur og ársfundur

Næsti fundur verður 16. apríl nk. og í framhaldinu ársfundur sem ráðherra tekur þátt í. Verða báðir fundirnir haldnir með fjarfundarbúnaði.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 9:35

Magnús Helgason fundarritari
